



SKUTULL

Málgagn Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ

Stofnað 1923 - 84. árg. - 2. tbl. júní 2007



Bls. 2

Anna Kristín
Gunnarsdóttir
Það er verk
að vinna



Bls. 2

Steinunn Valdís
Óskarsdóttir
Orðin þingkona



Bls. 3

Ingibjörg Sólrún
Stelpur - komið
með okkur!



Bls. 4-5

Ágústa Gísladóttir
Ég, „rækjuhrogna-
kellingin“, að tala
um efnahagsmál!



Bls. 7

Amal Tamimi
Atvinnulíf og
innflytjendur



Kvennabaráttan heldur áfram. - „Byggjum nýjan heim með höndum hraustra kvenna í öllum löndum.“
Myndin tekin 24. október 2005 þegar ísfirskar konur fóru í kröfugöngu og fylltu Alþýðuhúsið út á götu.

Stelpur - jöfnum leikinn!

Skutull er að þessu sinni gefinn sérstaklega út þann 19. júní í tilefni af því að Íslendingar fagna að nú er 91 ár liðið frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt. Hefðbundin ritnefnd Skutuls fékk því frí frá störfum og við tók önnur sem eingöngu er skipuð konum.

Efni blaðsins er tileinkað konum og skrifað af konum – en boðskapur blaðsins er fyrir alla.

Hugmyndin að útgáfu blaðs tileinkað konum vaknaði þegar ljóst varð sunnudagsmorguninn 13. maí s.l. að það var ekki ein einasta kona í níu manna þingmannahópi Norðvesturkjördæmis. Niðurstaðan olli gríðarlegum vonbrigðum í öllum flokkum og því er mikilvægt að blása í herlúðra til að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur.

Við viljum hvetja konur jafnt sem karla til að krefjast jafns kynja-hlutfalls hvort sem um er að ræða framboðslista, stjórnir fyrirtækja, fjölmiðla og hvarvetna þar sem farið er með völd sem snerta okkur öll. Sérstaklega eru konur hvattar til þátttöku í stjórnámum og forystu í atvinnulífinu, því þar er krafta þeirra ekki síst þörf.

Með útgáfu þessa blaðs vonumst við til þess að marka upphafið að þeirri vinnu sem þarf að inna af hendi meðal karla og kvenna með opnum huga, í þeim tilgangi að jafna leikinn.

Arna Lára Jónsdóttir, Bryndís Friðgeirsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir

Jafnrétti á sér margar hliðar og nær hvarvetna sem lítið er í Norðvesturkjördæmi er langt í land með að því sé náð. Það er verk að vinna, hvort heldur sem um er að ræða jafnrétti kynjanna eða jafnrétti Vestfjarða og Norðurlands vestra gagnvart þeim svæðum landsins sem við bestar aðstæður búa. Því þar hljótum við að setja markið – að standa í hvívetna jafnfætis því sem best gerist, jafnt í kynjajafnrétti sem öðrum málum.

Samkvæmt skilgreiningu í stefnumörkun jafnréttisráðherra Norðurlandanna (www.norden.org/pub/velfaerd/jamstalld-het) þýðir jafnrétti kynjanna að: „...valdi og áhrifum er jafnt skipt milli kvenna og karla, konur og karlar hafa sömu réttindi, skyldur og tækifæri á öllum sviðum lífsins. Fullkomnið jafnrétti felur einnig í sér að samfélagið er laust við kynbundið ofbeldi.“

Við eigum því miður ótrúlega langt í land með að ná því jafnrétti sem þarna er lýst. Konur eru til muna færri í sveitarstjórnun en karlar, engin kona situr á Alþingi fyrir hönd kjördæmisins okkar, örfáar konur eru í stjórnun fyrirtækja og fáar konur standa fyrir atvinnurekstri. Jöfn réttindi og skyldur hefur lögjafinn tryggt. En höfum við



jöfn tækifæri? Skýrslur Byggingastofnunar um lánaþyrngreiddslu til karla annars vegar og kvenna hins vegar segja allt sem segja þarf í því efni.

Í fyrrnefndri stefnumörkun segir einnig að við stöndum frammi fyrir nýjum þáttum sem bætast við hin hefðbundnu jafnréttissjónarmið. Þar á meðal breytt viðhorf ungs fólks til kynferðis og áhrif þess á tækifæri þeirra. Ungu fólkið er ekki tilbúið til gamaldags verkaskiptingar né mun það setta sig

við óútskýrðan launamun milli kynja. Ungu fólkið vill störf við hæfi menntunar, góð laun og góðar aðstæður fyrir fjölskyldulíf. Ungu fólkið sem hefur menntast hefur val um hvort það vinnur á Íslandi eða erlendis. Því miður stendur valið alltof oft um hvort starfsvettvangurinn er á höfuðborgarsvæðinu eða útlöndum, ekki um höfuðborgina eða Vestfirði eða aðra staði á landsbyggðinni. Ungu, hæfileikaríka fólkinu eru ekki skapaðar aðstæður til að

Það er verk að vinna – jafnréttið er enn langt undan

snúa heim. Þess vegna er aldursamsetning samfélagsins okkar óhagstæð, þess vegna hlýtur okkur að fara fækkandi, þess vegna hnignar samfélaginu okkar og þess vegna snúa konur sem gengið hafa menntavegin, sér frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Við svo búið má ekki standa.

Á meðan íbúar Vestfjarða og Norðurlands vestra búa við jafn mikið öryggi og fábreytni í atvinnumálum, við óásætlanlegar samgöngur, við óásætlanlegan tæknilegan aðbúnað – svo fátt eitt sé til tekið – þá er ekki von til þess að kynjajafnrétti taki stórstígu framförum.

Konur eru helmingur landsmanna. Hærra hlutfall kvenna hefur sótt sér menntun og það

hlutfall fer hækkandi. Konur eiga að axla ábyrgð við mótum samfélagsins okkar til jafns við karlmenn.

Konur! Setjum okkur markið og stefnum þangað ótrauðar. Við þurfum að móta atvinnustefnu og krefjast tækifæra til að njóta kunnáttu okkar á vinnu-markaði. Við þurfum samfélag þar sem konur og karlar hafa jöfn tækifæri til menntunar, til að nýta hæfileika sína og hæfni. Samfélag þar sem ungu fólkið okkar getur haslað sér völl og eldri borgarar njóta öryggis á síðasta skeiði ævinnar

Það gerir enginn hlutina fyrir okkur og þeir gerast ekki af sjálfum sér.

Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Orðin þingkona

Á dögum var þing sett við afskaplega hátíðlega athöfn. Ég er þeirrar gerðar að bera mikla virðingu fyrir gömlum og góðum hefðum þannig að þegar ég skrifaði undir drengskaparheitid í Alþingishúsinu fann ég til þeirrar ábyrgðar að vera komin í þjónustu fólksins í landinu.

Margt er skemmtilegt við nýja vinnu. Þingmenn draga um sæti, - og ég sagði í nýlegu viðtali, að ég vildi helst sitja hjá einhverjum sem lyktaði vel, því ég væri svo viðkvæm fyrir vondri lykt! Og viti menn - Sessunatur minn er Kristján Þór, kollegi úr sveitarstjórnarpólitíkinni, bæjarstjóri fyrrverandi, samherji úr stjórn sambands sveitarfélaga og fluguveiðimaður eins og ég. Það fer vel á með okkur - enda bæði Svarfdælingar.

Ég verð formaður samgöngunefndar og sest í fjárlaganefnd auk þess að vera varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar.

Þar sem ég sat í kirkjunni við þingsetninguna varð mér hugsað til upphafsins þegar ég sem unglingsstúlka fylgdist með kjöri Vigdísar og kvennalisti og kvennaframboð komu fram. Ég fylgdist með þessum konum stíga fram og var hver annarri frambærilegri. Flottar og rökfastar sýndu þær að ekkert væri konum ofvaxið - og á þeim tíma var það ekki lítið mikilvægt.

Síðar gekk ég til liðs við stjórn málin, innblásin af þeirri trú að það væri rétt handan við hornið að leiðrétta launamun kynjanna. Ég var þess fullviss að ég gæti allt, alla vega jafnvel - ef ekki betur en strákarnir sem þar mættu mér - og ég veit að



það viðhorf mitt mótaðist meðal annars af frumkvöðlunum sem ruddu brautina. Ekki bara Vigdís og Kvennalistanum heldur líka konum á borð við Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, Guðrúnu Björnsdóttur, Katrínu Magnússon og Þórunni Jónassen, sem voru fyrstu fjórar konur til að vera kjörnar inn af kvennalista 1908 í borgarstjórn Reykjavíkur. Og það eru auðvitað langtum fleiri konur, frumkvöðlar og fyrirmyndir

sem hvöttu mig með fordæmi sínu til að hasla mér völl og taka þátt í að móta samfélagið. Dropinn holar steininn - fyrirmyndir skiptu máli þá, fyrirmyndir skipta máli núna og munu áfram skipta máli.

Það var hugljómun fyrir mig sem feminista, að sjá þær saman á landsfundi Samfylkingar, Monu Sahlin, Helle Thorning Smidt og Ingibjörgu Sólrúnu. Konur með feminíska sýn á

samfélagið og það velferðarkerfi sem jafnaðarmenn berjast ætíð fyrir.

Og nú erum við komin í ríkisstjórn sem við munum setja okkar mark á næstu fjögur ár. Samfylkingin sýndi það meðan við stjórnunum borginni að það er pólitískur vilji og þor sem ræður hlutunum. Við höfðum þann kjark sem þurfti til að hækka laun lægst launuðu kvennastéttanna þrátt fyrir spár manna um að þjóðfélagið myndi sporðreisast. Við eyddum biðlistum eftir leikskóla-plássi í borginni og síðast en ekki síst - markviss aðgerða-áætlun var sett fram um að minnka kynbundinn launamun.

Ég hélt jómfrúrræðuna mína á Alþingi í umræðum um aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna sem Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir. Þar er Ungu Ísland Samfylkingarinnar í öndvegi og margar tillögur sem bæta munu stöðu barna og ungmenna. Á haustþingi munu síðan líta dagsins ljós ýmis frumvörp og tillögur sem hafa jöfnuð og kvenfrelsi að leiðarljósi. Ég er bjartsýn á frambaldið, það er góður andi í nýjum þingflokki og öll hlökkum við til að vinna í nýrri ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar

Stelpur - komið með okkur!



Í kosningunum í vor gerðist það í fyrsta sinn í íslenskrri pólitík að fram kom sérstök barnastefna, áætlun um sextíu framfaraskref fyrir börn og fjölskyldur í landinu. Við gerðum þetta í Samfylkingunni vegna þess að börnin hafa of lengi setið á hakanum í pólitískri stefnumótun og vegna þess að það er hlutverk jafnaðarflokka í stjórnmálum að standa vörð um velferð fólksins.

Nú erum við komin í ríkisstjórn sem hefur gert sögulegan sáttmála um velferðarmál í landinu og Unga Ísland, en það var nafnið sem stefnumörkunin bar, er komin til afgreiðslu Alþingis sem aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Af þessu er ég stolt og tel að þetta sé til marks um hvernig við munum vinna sem ríkisstjórnarflokkur þ.e. skila venjulegu fólki raunverulegum árangri.

Jafnræði kynjanna

Fjöl margar konur og karlar komu að mótun barnastefnunnar eins og raunin er alla jafnan í Samfylkingunni. Flokkurinn er ungur, stofnaður aldamótaárið 2000, og frá fyrstu tíð hefur jafnræði kynja verið þar meira en hefðbundið er í stjórnmálaflokkum á Íslandi. Í ráðum, stjórnnum eða nefndum leggur Samfylkingin áherslu á að eiga bæði konur og karla og í þingflokknum ríkti algjört jafnræði fyrir tvö kjörtímabilin.

Prófkjörin fyrir síðustu kosningar reyndust konum ekki nógu hagstæð og því er staðan núna ekki eins góð og jafnan áður. Það leggur okkur á herðar þær skyldur að skoða með hvaða hætti flokkurinn getur stuðlað að því fyrir næstu kosningar að hlutur kvenna verði ekki fyrir borð borinn.

Þá farnast öllum best

Þess vegna sendum við ykkur góðu konur þetta blað. Við teljum nauðsynlegt að konur hafi áhrif til jafns við karla á stefnumótun og ákvarðanir í stjórnmálum. Þá farnast öllum best. Það eru engin mál annað hvort mjúk eða hörð og ímynduð skipting af því tagi á ekki að

ráða hvar konur eða karlar beita sér í pólitík. Konur og karlar eiga að láta sig öll mál varða og leggja mismunandi reynslu sína og þekkingu að mörkum í stefnumótun Samfylkingarinnar. Þannig verður góð stefna til sem tekur mið af mismunandi þörfum og aðstæðum fólksins í landinu, kvenna jafnt sem karla. Þannig var barnastefna Samfylkingarinnar mótuð, þannig var efnahagsstefnan mótuð og þannig er og verður byggðastefnan mótuð.

Samræðustjórnmál

Ég hef alla tíð lagt mikla áherslu á það sem ég kalla samræðustjórnmál og mikilvægi þess að umbreyta vandamálum

hins daglega lífs í viðfangsefni stjórnmála. Um það snerist leikskólabyltingin í Reykjavík og um það mun átak í samgöngumálum, háhraðatengingum og menntamálum einnig snúast, en þetta eru hornsteinar byggðastefnu nútímans að mínu mati. Hefði samræðustjórnmálum verið beitt í ríkari mæli frá 1983 þegar kvótakerfið komst á, hyggt ég að útkoman hefði orðið sársaukaminni fyrir byggð í landinu. Og núna ætti hver kona að heyrja kallið um að láta ekki sitt eftir liggja í umræðunni um byggðirnar og aðstæður barna, fjölskyldna og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Ég vakti máls á því í fundarherferð um landið í byrjun þessa árs að konum fækkar hlutfallslega mun meira á landsbyggð-

inni en körlum. Konurnar flytja fyrst og karlarnir koma í humátt á eftir þeim. Ég benti á að þetta sýndi nauðsyn þess að hlusta á konur og skapa þeim ný tækifæri á landsbyggðinni.

Ríkisstjórnin hefur á dagskrá sinni að hrinda í framkvæmd tillögu Samfylkingarinnar um, að opinber störf séu auglýst án staðsetningar, sem er verkefni sem ég bind miklar vonir við. Nú þarf frjóva hugsun á fleiri sviðum, pólitískur vilji er fyrir hendi til að hugsa upp á nýtt.

Vertu með - við höfum áhrif

Það stekkur enginn alskapaður inn í pólitíkina. En hún er vel þess virði að taka þátt í henni og finna hvernig maður getur látið rödd sína hljóma í þágu góðra mála. Sjálf sá ég aldrei fyrir mér sem ung stúlka að ég ætti eftir að verða borgarstjóri, ráðherra og formaður stjórnmálaflokks. Það ætlaðist eftir að ég fann mína eigin rödd í kvennabaráttunni og smám saman undu störfin upp á sig.

Reynslan hefur kennt mér að þótt oft hvessi í pólitíkinni færir það manni mikla lífsfyllingu að setja sér að hafa áhrif á umhverfi sitt og berjast fyrir málstað. Þátttaka í stjórnmálum er stórt tækifæri ekki síður í lífi kvenna á öllum aldri en karla. Gríptu það og vertu með okkur í jafnaðarflokki Íslands. Við höfum áhrif og bjóðum þér að koma með og hafa áhrif með okkur.



Ingibjörg Sólrún á fundi með ísförskum konum

Úr myndasafninu



Á fundi með Ingibjörgu Sólrúnu.



Ingibjörg Sólrún á landsfundi Samfylkingarinnar



Þrjár formenn norræna jafnaðarmannaflokka á landsfundi Samfylkingarinnar.



Ágústa í Úganda, eins og „Gúli ver í Putalandi“ með þarlandum skólustelpum.

Viðtal við Ágústu Gísladóttur, umdæmisstjóra PSSÍ í Úganda

Ég, „rækjuhrognakellingin“ að vestan, að tala um efnahagsmál!

Flestir Ísfirðingar kannast við Ágústu Gísladóttur, fyrrverandi útibústjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Ísafirði, sem nú starfar sem umdæmisstjóri PSSÍ í Úganda. Ágústa er mikil kvenréttindakona og starfaði af fullum krafti með Kvinnalistanum á Vestfjörðum meðan hún bjó hér á Ísafirði á árunum 1987 til 1995, eða þangað til hún „skrapp til Afríku“, eins og hún segir sjálf. Við „Skutlurnar“ höfðum samband við Gústu, eins og hún er kölluð og ræddum við hana um dvölini á Ísafirði, starfið og þátttökuna í kvennapólitíkinni.

„Ég fluttist til Ísafjarðar fyrir tuttugu árum, nánar tiltekið í ágúst 1987, ásamt Þórunni (Tótu) dóttur minni til að taka við starfi sem útibústjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og dvöldum við þar í átta ár eða fram til 1995. Ég hef oft sagt að það hafi verið forréttindi fyrir okkur mæðgur að eiga þess kost að búa fyrir vestan. Við kynntumst nefnilega strax ógrynninu öllu af fólki, en slíkt er ekki svo auðvelt á stórborgarsvæðinu og

auðvitað spillti ekki fyrir að Sigga systir mín bjó þá á Ísó. Fyrsta íbúðin okkar var líka á Hlíðarveginum, beint á móti Beggu Halldórs. Begga kenndi bekknum hennar Tótu fyrstu þrjú árin en svo tók Bryndís Friðgeirs við þeim. Eins og nærri má geta stukkum við beint inn í stórfjölskylduna í Mjögötunni og „fyrirmyndarfjölskyldan“ í Firðinum (Gulla, Þorleifur og dætur) reyndist einstæðu móðurinni aldeilis

haukur í horni. Ekki má gleyma ferðafélaginu Ragnfríði sem Jónína Emils stofnaði, og gerði garðinn frægan af ferðum sínum á Hornstrandir og víðar. Vá, fávíðrið í fyrstu ferðinni á Hesteyri, Anna Ragna og draugararnir hennar, veiðiskapur í Fljótavík sem dró dilk á eftir sér, dásendarveðrið í gönguferðinni frá Flæðareyri til kirkju í Grunnavík, Hjörtur stapi óafvitandi að ferja gler-kampavínglösin í land, maður lifandi því-

líkar minningar. Þess má geta að þrjú félagar úr ferðafélaginu, Begga, Bryndís og ég hafa sest á Alþingi, við vorum fulltrúar þriggja flokka en við notuðum allar sama pennann!

Vinnan mín sem útibústjóri Rf. var líka fjölbreytt og lifandi og gott fólk sem vann með mér, og Hafró-strákarnir bara handan við þilið. Ekki má gleyma bestu kaffistofunni í bænum en henni deildum við með Hafró og

Skipaafgreiðslu Gunnars Jónssonar. Auðvitað stendur uppúr öll vinnan við rækjurannsóknirnar, ekki síst baukið með rækjuhrognin, og allt fólkið sem ég kynntist í bransanum.

Strax fyrsta haustið dró Sigga systir mín mig á kvinnalistasfund í Smiðjugötunni hjá Siggu „gömlu“. Ég hafði ekkert starf að í pólitík fram að því, þó að ég hefði kosið Kvinnalistan frá því að hann byrjaði að bjóða



Anna Lára bæjarfulltrúi í kvennahlaupinu 2007 á Ísafirði.



Kvennahlaupið 2007 á Ísafirði

Úr myndasafninu

fram. Þetta varð nú eitt af mörgum gæfusporum sem ég steig á Ísó og alveg einstök reynsla. Ég starfaði svo af fullum krafti með Kvinnalistanum á Vestfjörðum þangað til að ég „skrapp“ til Afríku 1995. Við byrjuðum í „alvöru“ pólitíkinni á því að bjóða fram lista við bæjarstjórnarkosningarnar 1990 og var ég þá í fyrsta sæti. Við vorum nú töluvert langt frá því að koma að manni en kærar þakkir fyrir þessi rúmlega hundrað atkvæði sem við fengum nú samt í þessari fyrstu tilraun. Það þurfti sum sé Gósi til að trekkja! Næst var komið að alþingiskosningum 1991 og vorum við svo heppnar að geta tælt Jónu Valgerði til liðs við okkur og komum við henni á þing sem 6. þingmanni Vestfjarða. Kosningabarátturarnar '91

„rækjuhrognakellingin“ að vestan að tala um efnahagsmál! Hins vegar má segja, að eftir að hafa flutt sjálfa jómfrúaræðuna þá er nú harla auðvelt að standa upp og tala um vinnutengd málefni. Það var hins vegar mjög skemmtilegt að starfa með Kvinnalistaskvissunum fyrir vestan og raunar mörgum fleirum á landsvísi og ófáir landsfundirnir sem við Vestfjarðastóllur skunduðum á. Landsfundurinn í Fljótunum stendur nú samt upp úr, kannski vegna þess að við fórum akandi á Volvónum hennar Aðalbjargar og keyrðum útaf og allt.“

- Fylgist þú enn með gömlu félögunum þó þú sért í annarri heimsálfu?

„Ég reyni nú að fylgjast með



Í vinnunni með ráðuneytisstjóra í Úganda og Sigvati Björgvinssyni.

enda samfélögin ekki eins þróuð og ýmis réttindi sem við teljum sjálfsgöð alls ekki fyrir hendi. Sem dæmi má nefna hjúskaparlög en þar er kynjunum

gróflega mismunað. Úgandskar kvinnaréttindakonur komu því til leiðar í síðasta mánuði að Hæstiréttur feldi úr gildi lög um framhjáhald (já, framhjáhald er bannað með lögum sem og samkynhneigð) en þau lög mismunuðu einnig kynjunum, karlar máttu halda framhjá með ógiftum konum (ekki með giftum), en konur máttu bara alls ekki halda framhjá. Stjórnvöld vinna nú að því að koma með ný lög. Annað baráttumál kvenna í Afríku snýr að eignarétti á landi. Algengt er að konur geti ekki eignast land en landskiki er oft eina „fasteignin“ sem fólk á og getur notað sem tryggingu í bönkum. Hér í Úganda geta konur t.d. ekki erfð land eftir föður sinn en þær geta keypt það. Hlutfall kvenna við stjórnvölin í löndum Afríku er nú ósköp áþekkt og á Vesturlöndum enda er kynjakvóti nokkuð algengur á löggjafarþingum. Í Rúanda er til dæmis bundið í stjórnarskrá að konur skuli skipa a.m.k. 30% sæta á

þingi og í stjórnnum á vegum hins opinbera. Hlutfall kvenna á rúandíska þinginu er nú það hæsta í heimi eða 48% - geri aðrir betur.“

- Finnst þér mikið hafa breyst eða þokast í jafnréttisátt á Íslandi frá því þú varst í Kvinnalistanum?

„Ég verð nú ekki vör við miklar breytingar en þó verð ég að minnast á feðraorlofið sem mér fannst bæta viðhorf til kvenna á vinnumarkaðinum, allavega eru barneignir og fæðingarorlof ekki bara einkamál kvenna lengur. Ennþá vantar nú mikið uppá að jafna launin og ná jafnvægi við stjórnvölin. Ég fékk nú létt áfall í vetur við að sjá framboðslista Samfylkingarinnar í dreifbýliskjördæmunum og keyrði um þverbak þegar ég sá þingmannalistan fyrir Norðvesturland eftir kosningarnar - ekki ein kona!“

- Hvernig líst þér á ráðherravalið hjá Samfylkingunni?

„Ég er nú ánægðust með utanríkis- og umhverfisráðherrana enda þekki ég þær best, en ég er auðvitað bara mest ánægð með að Samfylkingin sé komin í ríkisstjórn og verkin munu væntanlega tala sínu máli.“

- Telurðu að það skipti máli fyrir jafnréttisbaráttuna að Ingibjörg Sólrún sé formaður flokksins?

„Já, verðum við ekki að trúá því!“



Á leið í Leirufjörð með Bryndísi Friðgeirsdóttur.

og '95 eru svo kapitúli útaf fyrir sig, ekki síst maraþonfundirnir þar sem framþjóðendurnir þrumuðu yfir lýðnum í marga klukkutíma. Það var frábær kosninganótt í Hnifsdalnum '91 og ógleymanlegt þegar við sáum þyrluna á sjónvarpsskjánum flytja okkur flakkarann, frá Norðurlandi. En þar með var ég líka orðin varaþingmaður, ekki lítið sjokk. Mér fannst nú ekki sérstaklega skemmtilegt að sitja á þingi (fór inn tvisvar sem varamaður). Minnstæðast er nú, að hafa setið í fjárlag nefnd með Árna Johnsen og þegar Ingibjörg Sólrún þáverandi þingflokksformaður henti mér út í djúpu laugina þ.e. fól mér að halda ræðu um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar með sólarhrings fyrirvara. Ég,

fréttum að heiman, fletti Mogganum í tölvunni á hverjum morgni og lít stundum á BB-síðuna. En auðvitað fréttir maður mest í heimferðunum, en ég reyni að skreppa sem oftast vestur, enda finnst mér ég ekki vera komin alveg heim fyrr en ég sé eyrina og hitti vini og vandamenn á Ísó. Ég er nú svo skrítn, að ég vildi óska þess að Kvinnalistin væri enn við lýði! Ég er ekki nógu mikill krati til að mér líði vel í Samfylkingunni, en ég stend með Sollu fram í rauðan dauðann!“

- Segðu frá kvennapólitík í heim löndum sem þú hefur starfað í.

„Kvennapólitík í Afríku er oft á öðrum forsendum en heima,



Öflugar konur á frumkvöðlanámskeiði í Úganda.

Úr myndasafninu



Ritnefnd Kvinnablaðs Skutuls: Arna Lára, Jóna Símonía og Bryndís.



Ísfrskar konur í árdaga kvennabaráttunnar. Mynd: Ljósmyndasafnið Ísafirði.



Hjúkrunarkonur og starfsstúlkur sjúkrahússins ásamt ráðsmanni á 3. áratug síðustu aldar. Mynd: M. Simson/Ljósmyndasafnið Ísafirði.

Sendum Vestfirðingum baráttukveðjur 19. júní



Hvað segir sagan um upphaf kvenréttindabaráttunnar?

Árið 1894 var Hið íslenska kvenfélag stofnað í Reykjavík og má segja að upp úr því hafi kvenréttindahreyfingin á Íslandi farið af stað.

Á þeim tíma voru réttindi kvenna ekki mikil í samanburði við réttindi karla, t.d. höfðu

.... konur ekki kosningarétt til Alþingis.

.... konur ekki rétt til að verða embættismenn eins og læknar, sýslumenn eða prestar.

.... giftar konur ekki rétt til þess að ráða yfir eignum sínum, heldur eiginmenn þeirra.

Árið 1907 var Kvenréttindafélag Íslands stofnað og starfar enn.

Árið 1911 fengu konur jafnan rétt og karlar til embættis og náms.

Árið 1915 fengu allar konur kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. (Á sama tíma fengu allir karlar þessi réttindi, en fram af því höfðu aðeins sæmlega efnaðir karlmenn haft þau.)

Árið 1900 fengu giftar konur rétt til að ráða yfir séreignum sínum og þeim tekjum sem þær unnu sér inn.

Árið 1923 var það fest í lög að bæði kona og karl áttu þær eignir sem þau legðu í búð og ekki mátti ráðstafa eignum búsins nema með samþykki beggja.

Helsti foringi kvenréttindabaráttunnar á þessum tíma var **Bríet Bjarnhéðinsdóttir** (fædd 1856). Hún flutti erindi og skrifaði greinar í blöð um kvenréttindamál. Hún beitti sér fyrir stofnun **Kvenréttindafélags Íslands** árið 1907.

Árið 1922 varð Ingibjörg H. Bjarnason skólastjóri fyrst kvenna til þess að verða kosin á Alþingi.

Heimildir: skolvafurinn.is



SKUTULL

Málagn Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ 2. tbl. júní 2007

Elsta málagn
jafnaðarmanna á Íslandi,
kom fyrst út 23. júlí 1923

Póstfang: Miðtún 16 - 400 Ísafjörður
Kennitala: 600269-2169
Ritnefnd: Arna Lára Jónsdóttir, Bryndís Friðgeirsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir
Ábyrgðarmaður: Sigurður Pétursson
Prentun/umbrot: Erlingur Kristensson - Íslandsprent
Skutull kemur út í 3.500 eintökum og er dreift inn á öll heimili á Vestfjörðum.

Atvinnulíf og innflytjendur

Enginn getur gagnrýnt mikilvægi þess að konur séu á vinnu-markaði, vinnu-markaði sem er launaður. Samfélag breyttist mikið við það, það byrjaði að blómstra og varð jákvæðara og ríkara.

En það er vandamál að okkur vinna er ekki vel metin, við erum með gap í launaskala fyrir sömu vinnu og sama tíma, og ég held að við getum ekki haft það svo-leiðis. Við þurfum að meta vinnu á annan hátt, af því að við getum ekki gleymt að það er munur á vinnu karla og kvenna.

Það er mikill misskilningur þegar vinna kvenna er metin. Ég vil ekki staðfesta að það sé ein vinna fyrir konur og önnur fyrir karlmenn, en það virðist sem samfélagið sé samt þannig núna.

Eru karlmenn hæfari en konur?

Ef við horfum á leikskólakennara og grunnskólakennara þá sjáum við að flestir kennarar eru konur en skólameistarinn er karlmaður, í flestum tilvikum, af hverju? Eru bara karlmenn sem sækja um og ekki konur? Eru karlmenn hæfari en konur? Eða getum við bara farið auðveldari leiðina og sagt að þetta sé bara svona.

Ef við metum vinnu kennara sem eru að ala börnin okkar upp, sem eru að ala okkar nýju kynslóð upp, sem eru að ala upp framtíð Íslands, þá þurfum við að meta starf þeirra á einhvern annan hátt. Það má ekki vera þannig að kennari sem er búinn með þrjú ár í háskóla og er með margra ára reynslu, að hann telji miklu betri fyrir sig að vinna fyrir eitthvað einkafyrirtæki af því að það starf er betur borgað.

Ég man hvernig var þegar kennarar fóru á verkfall, hvaða frasa við heyrðum út um allan bæ, að kennarar eigi að hugsa um börnin og ekki bara um sjálfa sig, en ég held og er viss um að þeir mega líka fara í verkfall. Við þurfum að meta hversu mikla ábyrgð þeir bera til þess að ala okkar framtíðarkynslóð vel upp.

Margt er líkt með kennurum og konum af erlendum uppruna. Við erum settar undir sama hatt, við erum „þetta fólk“ sem þarf hjálp og einhver þarf að bjarga þeim. En hvernig er hægt að bjarga þeim og hjálpa þeim ef viðhorf til okkar er alveg eins?

Íslenskukennsla er aðalatriði

Konur sem koma hingað til landsins hafa í mörgum tilfellum

byggt framtíð sína á Íslandi, og eru rosalega virkar í samfélaginu, en það er ekki auðvelt. Það vantar mikið til þess að þær nái að komast áfram, íslenskukennsla er þar aðalatriði. Það eru ekki settar reglur til þess að tryggja að allar konur eða fólk af erlendum uppruna fái aðgang að íslenskukennsla.

Er það starf fyrir konur af erlendum uppruna? Ræsting, umönnun o.fr.v., ... Það hefur komið fram í mörgum rannsóknum á Íslandi að það eru vel menntaðar konur sem eru að vinna þessi störf. Af því að þeirra menntun er ekki metin, og það er engin stefna sem segir að það eigi að gera. Við viljum að sagt sé við okkar t.d. að það þurfi 20 einingar í viðbót í íslensku háskólakerfi til þess að okkar BA próf sé metið. Ekki loka á alla okkar menntun og láta okkur bara vinna það sem Íslendingar vilja ekki vinna. Vinna sem felur í sér ábyrgð á öldruðum eða fötludum þarf líka að vera vel metin af því að það er einungis tilfinningarík manneskja sem getur gert það. Konur gera það ekki vegna peninganna, þær gera það af því að þær eru tilfinningaríkar. Getið þið ímyndað ykkur ef „þetta fólk“ færi í verkfall, eða hætti að vinna og færi aftur heim?!



Þurfum að gefa konum af erlendum uppruna fleiri tækifæri

Lítill fræðsla um samfélagið er líka ennþá vandamál og við fáum ekki nauðsynlegar upplýsingar til þess að hjálpa okkur að komast inn í samfélagið. Flestar upplýsingar sem við fáum eru í gegnum „learning by suffering“ og við þurfum fyrst að lenda í vandamálum til þess að vita að við áttum að gera svona og svona ...

Það vantar upplýsingar sem snerta okkar daglega líf, sem dæmi „afmælisveisla“. Í sumum löndum er ekki haldið afmæli fyrir börnin, og ef svona upplýsingar koma ekki til foreldanna, sem þær ekki gera, finna börnin fyrir því og verða útundan

í barnahópnum í skólanum, - einmana og með enga vini.

Það hafa verið þýðdir bæklingar á mörg tungumál hjá mörgum stofnunum, en málið er að þegar við erum að þýða, áttum við okkur ekki alltaf á því að það vantar útskýringar á hugtökum. Og þar fyrir utan er til fólk sem hingað kemur og er ólæst.

Ef við byrjum með nýrri ríkisstjórn að meta störf á annan hátt þá getum við haft meira jafnrétti milli fólks sem býr á Íslandi, karla og kvenna, gamalla Íslendinga og nýrra Íslendinga.

Ég tel að það sé mikið gert í sambandi við málefni innflytjenda, en það þarf að gera meira. Ef við viljum forðast þau vandamáli sem önnur lönd hafa haft, þá þurfum við að meta öll störf á annan hátt og gefa konum af erlendum uppruna fleiri tækifæri.

Baráttan hefur staðið lengi - Úr gömlu blaði



Ísfrskar konur að störfum í Neðstakaupstað um aldamótin 1900. Mynd: Björn Pálsson/Ljósmyndasafnið Ísafirði.

Baráttan fyrir bættum kjörum og réttindum kvenna hefur staðið lengi og margt verið rætt og ritað um þau mál í gegnum tíðina. Eftirfarandi grein eftir vestfirsku konu, sem birt var í Þjóðviljanum í júní 1890, sýnir að í árdaga kvenréttindabaráttunnar hefur baráttuhugur íslenskra kvenna

verið mikill, en í þá daga voru réttindi kvenna ekki mikil í samanburði við réttindi karla. Baráttan stóð um grundvallar mannréttindi eins og að tryggja konum kosningarétt til Alþingis, rétt þeirra til að gerast embættismenn eins og lækna, sýslumenn eða prestar og jafnan eignarétt

giftra kvenna við eiginmenn þeirra. Hér kemur svo greinin:

„Þess má geta sem gert er“, segir gamalt orðtak, en þess má líka geta sem látið er ógjört; það hefur mér að minnsta kosti opt dottið í hug, síðan í fyrra sumar, er ég sá, að útséð var um, að kvenfrelsmálið yrði rætt á alþingi.

Það hefur um langan tíma hljómað í eyrum vorum, að það væri oss sjálfum að kenna, að ekki væri aukin réttindi vor, vér nenntum ekki að gjöra neitt sjálfar málinu til stuðnings, og þar fram eptir götunum.

Ámæli þetta rákum vér að nokkru leyti af oss með því, að senda Þingvallafundinum 1888 áskorun um, að hlutast til um að vér næðum að minnsta kosti einhverju af því, sem hver sanngjarn maður hlýtur að finna með sjálfum sér, að oss ber.

Þingvallafundurinn tók vel í

málið og samþykkti í einu hljóði svofellda tillögu:

„Þingvallafundurinn skorar á alþingi að gefa málinu um jafnrétti kvenna við karla, sem mestan gaum, svo sem með því fyrst og fremst að samþykkja frumvarp er veiti konum í sjálfstæðri stöðu kjörgengi í sveita- og safnaðamálum.

Í öðru lagi með því að taka til rækilegrar íhugunar, hvernig eignar- og fjárráðum giptra kvenna verði skipað svo, að réttur þeirra gagnvart bóndanum sé betur tryggður en nú er.

Í þriðja lagi með því, að gjöra konum sem auðveldast að afla sér menntunar“.

Áskorun þessari hefir nú alþingi þóknast að stinga undir stól, en hvers vegna? Heyrzt hefir, að orsökkin hafi verið sú, að enginn hafi treyzt að flytja málið, sökum þess hve erfitt væri viðfangs; en slíku er tæpast trúandi. Ætli hitt sé ekki nær sanni, að þeim finnist

vér vera fullu bættar með þeim litlu réttindum, sem vér höfum, eða getum með lagi dregið oss, en fjárráð og öll opinber réttindi séu, eins og að undanförmu, bezt komin í þeirra eigin höndum.

Eptir því, sem fram er komið þurfum vér ekki að vænta mikils fylgis af alþingismönnum þeim, er hingað til hafa á þingi setið; en gætum þess, að það er aðeins eitt alþingi þangað til almennar kosningar fara fram.

Ætli það væri af vegi, að vér gerðum vort ýtrasta til að þeir einir næðu kosningu, sem styðja vildu mál vort framvegis.

Margur karlmaður hefir orðið til að kannast við, að vér gætum komið málum vorum fram í kyrrþey, þó oss sé bannað að gjöra það opinberlega; látum það verða orð og að sönnu í þetta skipti.

Ritað í júní 1890. Vestfirzka kona.



Háskólinn á Bifröst býður upp á 11 vikna rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta þekkingu sína í atvinnurekstri

Undanfarin ár hefur Háskólinn á Bifröst, í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni, boðið upp á rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína. Stefnt er að því að halda **Mátt kvenna I** í fimmta sinn vorið 2008. Auk þess verður nú í haust boðið upp á **Mátt kvenna II**, framhaldsnámskeið fyrir konur sem hafa lokið **Mætti kvenna I**. Námið fer fram í fjarnámi en það hefst og lýkur með sameiginlegri vinnuhelgi á Bifröst.

Máttur kvenna I

- Bókhalda I
- Upplýsingatækni
- Markaðs- og sölumál
- Fjármál
- Áætlanagerð

Máttur kvenna II

- Bókhalda II
- Enska
- Skattar
- Rekstrarhagfræði
- Samningatækni
- Starfsmannastjórnun

Markmið námsins

Markmið námsins er að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, auka arðsemi fyrirtækjanna og efla störf á landsbyggðinni. Auk þess að undirbúa nemendur fyrir almennan rekstur smærri fyrirtækja, er lögð áhersla á að viðhalda og efla tengslanet kvenna.

Dagsetningar

Máttur kvenna I: 18. janúar - 5. apríl 2008

Máttur kvenna II: 31. ágúst 2007 - 24. nóvember 2007

Verð

Máttur kvenna I: 60.000 kr.

Máttur kvenna II: 85.000 kr.

Innifalið í verðinu er kennsla í fjarnámi, 2 vinnuhelgar með kennurum, gisting og matur á vinnuhelgum.

Skráning og nánari upplýsingar hjá verkefnastjóra símenntunar Huldu Ingibjörgu Rafnarsdóttur, í síma 433 3000 eða hulda@bifrost.is

Sjá einnig frekari upplýsingar á heimasíðu skólans:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000

MÁTTUR
KVENNA

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY